

SAMNINGUR
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS INDLANDS

TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT
FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn, Lýðveldisins Indlands sem óska eftir að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og með það í huga að efla efnahagssamvinnu milli landanna, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem eru lagðir á af hálfu samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur eða á hluta tekna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna og skattar af heildarfjárhæð launa sem greidd eru af fyrirtækjum.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:

- a) á Indlandi: tekjuskattur, þar með talið aukagjald sem á hann er lagt (hér á eftir nefndur „indverskur skattur“);
- b) á Íslandi:
 - (i) tekjuskattar ríkissjóðs; og
 - (ii) útsvar til sveitarfélaganna, (hér á eftir nefnt „íslenskur skattur“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „Indland“ merkir yfirráðasvæði Indlands, þar með talin landhelgin og loftrýmið yfir henni, og sérhvert annað hafsvæði þar sem Indland hefur fullveldisréttindi, önnur réttindi og lögsögu samkvæmt indverskum lögum og þjóðarétti, þar með talinn hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna;
- b) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin, og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;

- c) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Lýðveldið Indland eða Ísland eftir því sem samhengið gefur til kynna;
- d) „aðili“ merkir einstakling, félag, samtök aðila og sérhvern annan aðila sem farið er með sem skattskylda einingu samkvæmt gildandi skattalögum í samningsríkjunum;
- e) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
- f) „fyrirtæki“ nær til reksturs hvers konar starfsemi;
- g) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;
- h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki í samningsríki, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningsríkinu;
- i) „bært stjórnvald“ merkir
 - (i) á Indlandi: fjármálaráðherra ríkisstjórnar Indlands eða viðurkenndan fulltrúa hans;
 - (ii) á Íslandi: fjármálaráðherra eða viðurkenndan fulltrúa hans;
- j) „ríkisborgari“ merkir
 - (i) hvern þann einstakling sem á ríkisfang í samningsríki;
 - (ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum samningsríkis;
- k) „skattur“ merkir indverskan eða íslenskan skatt, eftir því sem samhengið gefur til kynna, en nær ekki yfir neina fjárhæð sem ber að greiða vegna vanskila eða athafnaleysis í tengslum við skatta sem samningur þessi gildir um, eða sem er févíti eða fjársekt sem lögð er á vegna þeirra skatta;
- l) „skattár“ merkir
 - (i) að því er Indland varðar: fjárhagsár sem hefst 1. apríl;
 - (ii) að því er Ísland varðar: fjárhagsár sem hefst 1. janúar.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis, skal ganga framur þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í því ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn þar.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

- a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);
- b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;
- c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;
- d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur. Ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

- a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
- b) útibús;
- c) skrifstofu;
- d) verksmiðju;
- e) verkstæðis;

- f) afgreiðslustöðvar;
 - g) vörugeymslu þegar aðili leggur öðrum til geymslurými;
 - h) býlis, plantekru eða annars staðar þar sem landbúnaðar-, skógræktar- eða plantekrustarfsemi eða skyld starfsemi fer fram; og
 - i) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.
3. a) Byggingarsvæði, byggingarframkvæmdir, uppsetningarframkvæmd eða samsetningarvinna eða eftirlitsstarfsemi því tengd teljast aðeins til fastra atvinnustöðva þegar slíkt svæði, framkvæmd eða starfsemi er til staðar eða stendur yfir lengur en níu mánuði.
- b) Þjónusta, þar á meðal ráðgjafarþjónusta, sem starfsmenn fyrirtækis veita eða annað starfslið sem fyrirtækið fær til þess, telst til fastrar atvinnustöðvar en einungis ef slík starfsemi á sér stað í landinu (vegna sama eða tengds verkefnis) samtals lengur en 90 daga á tólf mánaða tímabili.
4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu eða sýningu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
 - b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu eða sýningar;
 - c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
 - d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
 - e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
 - f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers kyns starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-liði, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða stöðstarfsemi.
5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt 7. mgr., hefur á hendi starfsemi í samningsríki fyrir fyrirtæki í hinu samningsríkinu telst fyrirtæki þetta, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., hafa fasta atvinnustöð í fyrrnefnda samningsríkinu að því er varðar hvers kyns starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið ef aðilinn:
- a) hefur heimild í því ríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, en þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af

hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar; eða

- b) hefur ekki slíka heimild en heldur að jafnaði birgðir í fyrrnefnda ríkinu og afhendir vörur eða varning úr þeim birgðum reglulega fyrir fyrirtækið;
- c) gengur að jafnaði frá pöntunum í fyrrnefnda ríkinu, að öllu eða næstum öllu leyti fyrir fyrirtækið sjálft.

6. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar telst váttryggingafélag í samningsríki hafa fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu, nema hvað varðar endurtryggingar, ef það innheimtir iðgjöld á landsvæði síðarnefnda ríkisins eða tryggir gegn áhættu þar í gegnum aðila sem ekki er óháður umboðsaðili og 7. mgr. á við um.

7. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi í því ríki fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo fremi að slíkir aðilar komi fram innan marka venjulegs atvinnureksturs þeirra. Þegar störf slíks umboðsaðila eru eingöngu eða nærri eingöngu í þágu þess fyrirtækis telst hann þó ekki óháður umboðsaðili samkvæmt þessari málsgrein.

8. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, stjórnri eða sé stjórnað af félagi, sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða hefur með höndum starfsemi í því ríki (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign sem staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er til að veita sjálfstæða persónulega þjónustu.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef

fyrirtækið hefur slíka starfsemi með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar, í samræmi við ákvæði og með fyrirvara um takmakanir í skattalögum þess ríkis. Slíkan frádrátt skal þó ekki leyfa hvað varðar fjárhæðir, ef um þær er ræða, sem fasta atvinnustöðin greiðir (nema um sé að ræða endurgreiðslu á raunverulegum kostnaði) til aðalskrifstofu fyrirtækisins eða til annarra skrifstofa þess sem þóknarir, gjöld eða aðrar svipaðar greiðslur fyrir afnot af einkaleyfum, verkkunnáttu eða öðrum réttindum eða sem umboðslaun eða önnur gjöld fyrir sérstaka veitta þjónustu eða fyrir stjórnun eða sem vexti af fé sem lánað er föstu atvinnustöðinni nema um lánastofnun sé að ræða. Sömuleiðis skal við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar ekki tekið tillit til fjárhæða (nema um sé að ræða endurgreiðslu á raunverulegum kostnaði) sem fasta atvinnustöðin gjaldfærir hjá aðalskrifstofu fyrirtækisins eða öðrum skrifstofum þess sem þóknarir, gjöld eða aðrar svipaðar greiðslur fyrir afnot af einkaleyfum, verkkunnáttu eða öðrum réttindum, eða sem umboðslaun eða önnur gjöld fyrir tiltekna veitta þjónustu eða fyrir stjórnun, eða, nema um lánastofnun sé að ræða, sem vexti af fé sem lánað er aðalskrifstofu fyrirtækisins eða öðrum skrifstofum þess.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og full ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því samningsríki.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi skal hún teljast hafa aðsetur í því samningsríki þar sem heimahöfn skipsins er eða, ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða, í því samningsríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

3. Hagnaður samgöngufyrirtækis, sem er heimilisfast í samningsríki, af notkun, viðhaldi eða leigu gáma (þar með taldir eftirvagnar og annar búnaður til flutnings á gámum), sem eru notaðir til flutnings á vörum eða varningi á alþjóðaleiðum, skal einungis skattlagður í því samningsríki nema gámarnir séu eingöngu notaðir innan hins samningsríkisins.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

1. Þegar

- a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlitum fyrirtækis í hinu samningsríkinu eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlitum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki, og skattleggur samkvæmt því hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu, sem hefur verið skattlagður í því ríki, og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrirnefnda ríkinu ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Arður.

1. Arð, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkan arð má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærrí en

10 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins. Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.

3. Hugtakið „arður“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast, eða þegar hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir atvikum.

5. Ef félag, sem er heimilisfast í samningsríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt arðinn sem félagið greiðir, nema að því leyti sem arður er greiddur aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.

Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem vextirnir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunverulegur eigandi vaxtanna heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu vextir, sem myndast í samningsríki, undanþegnir skatti í því ríki, svo framarlega sem þeir eru greiddir og raunverulega í eigu:

- a) ríkisstjórnar, sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar hins samningsríkisins; eða
- b) (i) á Indlandi, Seðlabanka Indlands, Útflutnings- og innflutningsbanka Indlands eða Húsnæðisbanka ríkisins; og
(ii) á Íslandi, Seðlabanka Íslands; eða
- c) hverrar þeirrar stofnunar annarrar sem bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að hafa gert með sér samkomulag um í bréfaskiptum sín í milli.

4. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki, og tekur hugtakið sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða

skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir og kostnaður vegna greiðsludráttar teljast ekki vextir að því er varðar þessa grein.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir atvikum.

6. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili sem greiðir vextina, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er tengd hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu þeir þó taldir myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er.

7. Þegar vaxtafjárhæðin er, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, hærri en vaxtafjárhæðin, sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

12. gr.

Þóknanir og gjöld fyrir tækniþjónustu.

1. Þóknanir og gjöld, sem myndast í samningsríki vegna tækniþjónustu og greidd eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkar þóknanir og gjöld fyrir tækniþjónustu má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunverulegur eigandi þóknanna heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknanna eða gjalda fyrir tækniþjónustu.

3. a) Hugtakið „þóknanir“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum, mynd- eða hljóðsegulböndum fyrir útvarps- eða sjónvarpssendingar, hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluáðferð, eða fyrir afnot eða rétt til afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

b) Hugtakið „gjöld fyrir tækniþjónustu“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur, aðrar en þær sem um getur í 14. og 15. gr. þessa samnings, fyrir stjórnunar-, tækni- eða ráðgjafarþjónustu, þar með talið að veita þjónustu tæknimanna eða annars starfsfólks.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknanna eða gjalda fyrir tækniþjónustu er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu myndast, eða þegar hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin, sem þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu stafa frá, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir atvikum.

5. a) Þóknarir og gjöld fyrir tækniþjónustu skulu talin myndast í samningsríki þegar greiðandinn er það ríki sjálft, sjálfsstjórnarhérað, sveitarstjórn eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili sem greiðir þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skyldan til að greiða þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu er bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, og þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkar þóknarir eða gjöld fyrir tækniþjónustu þó talin myndast í því samningsríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.
- b) Ef þóknarir eða gjöld fyrir tækniþjónustu samkvæmt a-lið myndast ekki í öðru samningsríkjanna og þóknarnir varða afnot eða rétt til afnota af réttindum eða eignum, eða gjöld fyrir tækniþjónustu varða veitta þjónustu í öðru samningsríkjanna, skulu þóknarnir eða gjöld fyrir tækniþjónustu talin myndast í því samningsríki.

6. Ef fjárhæð þóknanna eða gjalda fyrir tækniþjónustu, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þau eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, er hærri en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er um í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár, sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.
3. Hagnaður, sem hlýst af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

4. Hagnað, sem hlýst af sölu hluta af fjármunaeign í félagi og eignir félagsins felast, beint eða óbeint, að mestu leyti í fasteignum sem staðsettar eru í samningsríki, má skattleggja í því ríki.

5. Hagnað, sem hlýst af sölu hluta í félagi sem er heimilisfast í samningsríki, annarra en þeirra sem getið er um í 4. mgr., má skattleggja í því ríki.

6. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er um í 1., 2., 3., 4. og 5. mgr., skal einungis skattleggja í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem einstaklingur heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi af svipuðum toga, skulu einungis skattlagðar í því ríki, nema í eftirgreindum tilvikum þegar slíkar tekjur má einnig skattleggja í hinu samningsríkinu:

- a) ef hann hefur að jafnaði fasta stöð í síðarnefnda samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín; í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í því ríki, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þeirrar föstu stöðvar; eða
- b) ef hann dvelur í síðarnefnda samningsríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem samtals eru 183 dagar eða fleiri á tólf mánaða tímabili; í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis á þann hluta teknanna sem rekja má til starfa hans í því ríki.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, skurðlækna, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20. og 21. gr. skulu laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

- a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi reikningsári, og
- b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu, og

- c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja í samningsríki endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í því ríki.

16. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem skemmtikraftur eða íþróttamaður leysir af hendi sem slíkur, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starf skemmtikraftsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um tekjur af starfi skemmtikrafta eða íþróttamanna í samningsríki ef starfið er að verulegu leyti kostað úr opinberum sjóðum í öðru samningsríkjanna eða báðum, sjálfsstjórnarhéruðum eða sveitarstjórnnum þeirra. Í því tilviki skal aðeins skattleggja tekjurnar í samningsríkinu þar sem listamaðurinn eða íþróttamaðurinn er heimilisfastur.

18. gr.

Eftirlaun.

Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans einungis skattlögð í því ríki.

19. gr.

Opinbert starf.

1. a) Laun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfsstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.

- b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
- (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
 - (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af, eða úr sjóðum stofnuðum af, samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.
- b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr. skulu gilda um laun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

20. gr.

Prófessorar, kennarar og rannsóknarmenn.

1. Próffessor, kennari eða rannsóknarmaður, sem er eða var heimilisfastur í samningsríki rétt fyrir komu til hins samningsríkisins í því skyni að kenna eða stunda rannsóknir, eða hvoru tveggja, við háskóla, framhaldsskóla eða aðra sambærilega samþykktu stofnun í síðarnefnda samningsríkinu, skal undanþeginn skatti í því ríki eða öðru endurgjaldi fyrir slíka kennslu eða rannsóknir á tímabili sem er ekki lengra en tvö ár frá komudegi hans til þess ríkis.
2. Þessi grein gildir því aðeins um tekjur af rannsóknum að slíkar rannsóknir séu stundaðar af manni í þágu almennings en ekki aðallega til hagsbóta fyrir einkaaðila, einn eða fleiri.
3. Að því er þessa grein varðar telst maður heimilisfastur í samningsríki ef hann er heimilisfastur í því ríki á því reikningsári þegar hann heimsækir hitt samningsríkið eða á næstliðnu reikningsári.

21. gr.

Námsmenn.

1. Námsmaður, sem er eða var heimilisfastur í öðru samningsríkinu rétt fyrir komu til hins samningsríkisins og dvelur þar einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal, auk fjárstyrkja, lána og námsstyrkja, undanþeginn skatti í síðarnefnda ríkinu á:
- a) greiðslur, sem hann fær frá aðilum með heimilisfesti utan síðarnefnda ríkisins, til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun; og
 - b) endurgjald fyrir starf í síðarnefnda ríkinu, að því marki sem er ekki yfir fjárhæðinni sem er undanþegin skatti samkvæmt lögum síðarnefnda

samningsríkisins fyrir hvaða reikningsár sem er, svo framarlega sem slíkt starf tengist námi hans með beinum hætti eða er unnið til að standa straum af kostnaði við framfærslu hans.

2. Ávinningur samkvæmt þessari grein varir einungis eins lengi og eðlilegt má teljast eða venja býður til að ljúka námi eða þjálfun, en enginn skal í neinu tilviki njóta ávinnings samkvæmt þessari grein lengur en sex ár samfellt frá fyrsta komudegi til síðarnefnda ríkisins.

22. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin, sem gefur af sér tekjurnar, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir atvikum.

3. Ef aðili heimilisfastur í samningsríki fær tekjur frá hinu samningsríkinu vegna þátttöku í happdrætti eða krossgátum, af veðhlaupum, þar með taldar veðreiðar, spilamennsku og öðrum leikjum af hvaða tagi sem er eða af hvers kyns fjárhættustarfsemi eða veðmálastarfsemi, er heimilt að skattleggja slíkar tekjur í síðarnefnda samningsríkinu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

Komast skal hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

1. Á Indlandi:

a) Hafi aðili heimilisfastur á Indlandi tekjur, sem má skattleggja á Íslandi samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skal Indland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts, sem greiddur hefur verið á Íslandi, sé dregin frá tekjuskatti þess aðila á Indlandi.

Slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti skattsins, reiknaður fyrir frádráttinn, sem lagður er, eftir því sem við á, á þær tekjur sem skattleggja má á Íslandi.

b) Þegar aðili heimilisfastur á Indlandi hefur tekjur, sem eru undanþegnar skattlagningu í því landi samkvæmt ákvæðum samningsins, er Indlandi samt sem áður heimilt, við ákvörðun skatta á aðrar tekjur þessa heimilisfasta aðila, að taka tillit til þeirra tekna sem undanþegnar eru skattlagningu.

2. Á Íslandi:

- a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur, sem má skattleggja á Indlandi samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skal Ísland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts, sem greiddur hefur verið á Indlandi, sé dregin frá tekjuskatti þess aðila á Íslandi.

Slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti skattsins, reiknaður fyrir frádráttinn, sem lagður er, eftir því sem við á, á þær tekjur sem skattleggja má á Indlandi.

- b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur, sem eru undanþegnar skattlagningu í því landi samkvæmt ákvæðum samningsins, er Íslandi samt sem áður heimilt, við ákvörðun skatta á aðrar tekjur þessa heimilisfasta aðila, að taka tillit til þeirra tekna sem undanþegnar eru skattlagningu.

24. gr.

Takmörkun ávinnings.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skal aðili (annar en maður), sem er heimilisfastur í samningsríki og fær tekjur frá hinu samningsríkinu, einungis eiga rétt á ávinningi, sem þessi samningur veitir að öðru leyti aðilum heimilisföstum í samningsríki, ef slíkur aðili uppfyllir þau hæfisskilyrði sem skilgreind eru í 2. mgr. og önnur skilyrði þessa samnings fyrir því að njóta slíks ávinnings.

2. Aðili í samningsríki telst einungis hæfur aðili að því er varðar reikningsár ef hann er:

- a) stofnun á vegum ríkisins; eða
- b) félag sem er skráð í öðru hvoru samningsríkinu, ef -
- (i) meginflokkur hlutabréfa í því er skráður í viðurkenndri kauphöll, sem er skilgreind í 5. mgr. þessarar greinar, og viðskipti með þau eru stunduð reglulega í einni eða fleiri viðurkenndum kauphöllum, eða
- (ii) að minnsta kosti helmingur heildaratkvæða eða heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu er í beinni eða óbeinni eigu eins eða fleiri manna sem eru heimilisfastir í öðru samningsríkinu, eða/og í eigu annarra aðila sem eru skráðir í öðru samningsríkinu, og að minnsta kosti helmingur heildaratkvæða eða heildarverðmætis hlutabréfa eða raunverulegra hluta í þeim aðilum er í beinni eða óbeinni eigu eins eða fleiri manna sem eru heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu; eða
- c) sameignarfélag eða samtök aðila þar sem að minnsta kosti helmingur af raunverulegum hlutum er í beinni eða óbeinni eigu eins eða fleiri manna sem eru heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu, eða/og í eigu annarra aðila sem eru skráðir í öðru samningsríkinu, og að minnsta kosti helmingur heildaratkvæða eða heildarverðmætis hlutabréfa eða raunverulegra hluta í þeim aðilum er í beinni eða óbeinni eigu eins eða fleiri manna sem eru heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu; eða

- d) góðgerðarstofnun eða önnur stofnun, sem er undanþegin skatti, með aðalstarfsemi í öðru hvoru samningsríkinu.

Að því tilskildu að aðilar, sem um getur hér að framan, eigi ekki rétt á ávinningi samkvæmt samningnum ef meira en 50% brúttótekna aðilans á skattárinu er greiddur eða rennur, beint eða óbeint, til aðila, sem eru ekki heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu, í formi greiðslna sem eru frádráttarþærar við útreikning skatta, sem samningur þessi tekur til, í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur (að frátöldum greiðslum, milli ótengdra aðila í venjulegum viðskiptum, fyrir þjónustu eða efnislegar eignir og greiðslum vegna fjárhagslegra skuldbindinga gagnvart banka sem stofnað er til í tengslum við viðskipti við fasta atvinnustöð banka í öðru hvoru samningsríkinu).

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki og aðili heimilisfastur í samningsríki á rétt á ávinningi samkvæmt þessum samningi að því er varðar tekjur frá hinu samningsríkinu, ef aðilinn stundar viðskipti í búseturíkinu (önnur en þau að fjárfesta eða stýra fjárfestingum fyrir eigin reikning heimilisfasta aðilans, nema sú starfsemi sé banka- eða tryggingastarfsemi eða öryggisþjónusta) og tekjurnar frá síðarnefnda samningsríkinu eru í tengslum við eða verða raktar til þeirra viðskipta og heimilisfasti aðilinn uppfyllir önnur skilyrði þessa samnings fyrir því að njóta slíks ávinnings.

4. Aðili heimilisfastur í samningsríki skal samt sem áður hljóta þann ávinning sem samningurinn veitir ef bært stjórnvald hins samningsríkisins ákveður að eitt meginmarkmiða með stofnun eða yfirtöku eða viðhaldi slíks aðila og framkvæmd starfsemi hans sé ekki að njóta ávinnings samkvæmt samningnum.

5. Í þessari grein hefur hugtakið „viðurkennd kauphöll“ eftirfarandi merkingu:

- a) á Indlandi:
- (i) Þjóðarkauphöllin;
 - (ii) Kauphöllin í Bombay;
 - (iii) sérhver önnur kauphöll sem Verðabréfa- og kaupþingsnefnd Indlands viðurkennir;
- b) á Íslandi:
- (i) Kauphöll Íslands;
 - (ii) kauphallirnar í Amsterdam, Brussel, Kaupmannahöfn, Frankfurt, Hamborg, Helsinki, London, Ósló, París, Stokkhólmi, Sydney, Tókýó og Tórontó; og
- c) sérhver önnur kauphöll sem bær stjórnvöld koma sér saman um að viðurkenna að því er þessa grein varðar.

6. Þrátt fyrir það sem fram kemur í 2.–5. mgr. að framan skal enginn aðili eiga rétt á ávinningi samkvæmt þessum samningi ef málum hans er þannig háttað að svo virðist sem meginmarkmiðið eða eitt þeirra sé að komast hjá greiðslu skatta sem samningur þessi gildir um.

25. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem eru hvorki heimilisfastir í öðru né báðum samningsríkjunum.
2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnun og skattalækkanir vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.
3. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og hefðu þær hefðu verið greiddar heimilisföstum aðila í fyrirnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 7. mgr. 11. gr. eða 7. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu hvers konar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra eigna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrirnefnda ríkinu.
4. Þótt eignir fyrirtækja í samningsríki séu að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrirnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í fyrirnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.
5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

26. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef aðili telur að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 25. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í

samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt landslögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhverjum vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig haft samráð í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar. Þyki ráðlegt að skiptast á skoðunum munnlega í því skyni að komast að samkomulagi geta slík skoðanaskipti farið fram fyrir milligöngu nefndar sem er skipuð fulltrúum bærra stjórnvalda samningsríkjanna.

27. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum (þar með töldum skjölum eða staðfestum endurritum þeirra) sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða landslaga samningsríkjanna varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem samningsríkin eða sjálfstjórnarhéruð þeirra eða sveitarstjórnir leggja á, að því leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki af 1. og 2. gr.

2. Með allar upplýsingar, sem samningsríki tekur við, skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu þær eingöngu gefnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnarsýsluáðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem um getur í fyrsta málslið 1. mgr. eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:

- a) að framkvæma stjórnarsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- b) að veita upplýsingar (þar með talin skjöl eða staðfest endurrit þeirra) sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða viðteknum stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- c) að veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluáðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) væru þær gerðar opinberar.

4. Ef samningsríki fer fram á upplýsingar í samræmi við þessa grein skal hitt samningsríkið nota þær aðferðir sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt síðarnefnda ríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslið er háð takmörkunum 3. mgr., en í engu

tilviki skulu þær takmarkanir notaðar til að heimila samningsríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.

5. Í engu tilviki skal túlka ákvæði 3. mgr. þannig að þau heimili samningsríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða aðila sem kemur fram sem umboðsaðili eða annast fjármunavörslu eða af þeirri ástæðu að þær tengjast hagsmunum eiganda í aðila.

28. gr.

Aðstoð við innheimtu skatta.

1. Samningsríkin skulu aðstoða hvort annað við innheimtu skattkrafna. Aðstoðin takmarkast ekki af 1. og 2. gr. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu setja, með gagnkvæmu samkomulagi, ítarlegri reglur um beitingu þessarar greinar.

2. Hugtakið „skattkrafa“, eins og það er notað í þessari grein, merkir þá skuldafjárhæð skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem samningsríki eða sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þeirra leggja á, svo fremi að þessi skattheimta sé ekki andstæð þessum samningi eða öðrum gerningi sem samningsríkin eiga aðild að, svo og vexti, stjórnarsýslusektir og annan kostnað vegna innheimtu fjárhæðarinnar eða til viðhalds kröfunni.

3. Þegar skattkrafa samningsríkis er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og aðili, sem á að greiða hana, getur ekki, samkvæmt lögum þess ríkis, staðið gegn innheimtu hennar á þeim tíma skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, til þess að bært stjórnvald í hinu samningsríkinu geti innheimt hana. Síðarnefnda ríkið skal innheimta skattkröfuna í samræmi við ákvæði landslaga sem gilda um aðfararhæfi og innheimtu innlendra skatta, eins og um væri að ræða eigin skattkröfu.

4. Þegar samningsríki er heimilt samkvæmt landslögum að gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfu sinni með það að markmiði að innheimta hana skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, til þess að bært stjórnvald í hinu samningsríkinu geti gert ráðstafanir til að viðhalda henni. Síðarnefnda ríkið skal gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfunni í samræmi við ákvæði landslaga eins og það sjálft ætti skattkröfuna, jafnvel þótt hún sé ekki aðfararhæf í fyrrnefnda ríkinu á þeim tíma þegar ráðstöfununum er beitt eða sé í eigu aðila sem hefur rétt til að koma í veg fyrir innheimtu hennar.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. skal skattkrafa, sem samningsríki samþykkir samkvæmt 3. eða 4. mgr., í því ríki ekki háð tímamörkum eða njóta forgangs sem gildir um skattkröfu sem lög þess ríkis ná til vegna þess hvers eðlis hún er. Auk þess skal skattkrafa, sem samningsríki samþykkir samkvæmt 3. eða 4. mgr., ekki njóta forgangs sem gildir um þá skattkröfu samkvæmt lögum hins samningsríkisins.

6. Málsmeðferð vegna tilvistar, gildis eða fjárhæðar skattkröfu samningsríkis skal einungis fara fram fyrir dómstólum eða stjórnarsýslustofnunum þess ríkis. Þessa grein skal ekki skýra þannig að hún skapi eða veiti rétt til fyrrnefndrar málsmeðferðar fyrir dómstólum eða stjórnarsýslustofnunum hins samningsríkisins.

7. Ef viðkomandi skattkrafa, hvenær sem er eftir að beiðni hefur borist frá samningsríki samkvæmt 3. eða 4. mgr. og áður en hitt samningsríkið hefur innheimt og sent viðkomandi skattkröfu til fyrrnefnda ríkisins, hættir að vera

- a) skattkrafa fyrrnefnda ríkisins sem er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og er í eigu aðila sem getur ekki, á þeim tíma, komið í veg fyrir innheimtu hennar samkvæmt lögum þess ríkis, ef um er að ræða beiðni samkvæmt 3. mgr., eða
- b) skattkrafa fyrrnefnda ríkisins sem því ríki er heimilt að gera ráðstafanir til viðhalds á samkvæmt eigin lögum í því skyni að tryggja innheimtu hennar, ef um er að ræða beiðni samkvæmt 4. mgr.,

skal bært stjórnvald í fyrrnefnda ríkinu þegar í stað tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu ríkinu um það og skal fyrrnefnda ríkið fresta eða fella niður beiðni sína fari síðarnefnda ríkið fram á það.

8. Ákvæði þessarar greinar skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:

- a) að gera stjórnsluraráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- b) að gera ráðstafanir sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public);
- c) að veita aðstoð ef hitt samningsríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir til að innheimta eða viðhalda kröfunni, eftir atvikum, sem heimilaðar eru samkvæmt lögum þess eða stjórnsluvenju;
- d) að veita aðstoð í þeim tilvikum þegar stjórnsluálag á það ríki er greinilega ekki í hlutfalli við þann ávinning sem hitt samningsríkið getur vænst.

29. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisskrifstofa.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skattaúvilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisskrifstofa njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

30. gr.

Gildistaka.

1. Samningsríkin skulu tilkynna hvor öðru um það skriflega eftir diplómatískum leiðum þegar lokið er málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum þeirra vegna gildistöku þessa samnings.
2. Samningurinn öðlast gildi daginn sem síðari tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er látin í té.
3. Ákvæði þessa samnings skulu koma til framkvæmda:
 - a) á Indlandi:
 - (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á fjárhæðir greiddar eða frádregnar 1. apríl eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi; og

- (ii) að því er varðar skattlagningu á tekjur á reikningsári sem hefst 1. apríl eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
- b) á Íslandi:
- (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem er aflað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er afhent;
 - (ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er afhent.

31. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríki um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

- a) á Indlandi:
- (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á fjárhæðir greiddar eða frádregnar 1. apríl eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um að samningnum sé sagt upp; og
 - (ii) að því er varðar skattlagningu á tekjur á reikningsári sem hefst 1. apríl eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um að samningnum sé sagt upp;
- b) á Íslandi:
- (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem er aflað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn;
 - (ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í tvíriti í Nýju Delí hinn 23.nóvember 2007 á íslensku, hindi og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Indlands:

Árni M. Mathiesen

Shri P. Chidambaram

BÓKUN
við
SAMNING

milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands

til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur.

Við undirritun samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

I. Við 2. mgr. 2. gr.

Ekki skal líta á íslenska almannatryggingagjaldið „tryggingargjald“ sem „skatta af heildarfjárhæð launa sem greidd eru af fyrirtækjum.“

II. Við 8. gr.

Í þessari grein og í skilningi 14. mgr. í skýringum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (2005) á 8. gr. skal litið á vaxtatekjur af fjárfestingum, sem tengjast rekstri skipa eða loftfara í millilandaflutningum með beinum hætti, sem hagnað af rekstri slíkra skipa eða loftfara ef þau eru óaðskiljanlegur hluti slíks rekstrar og gilda ákvæði 11. gr. ekki í tengslum við slíkar vaxtatekjur.

III. Við 10. gr. (Arður), 11. gr. (Vextir), 12. gr. (Þóknanir og gjöld fyrir tækniþjónustu) eða 13. gr. (Söluhagnaður af eignum).

Félag í öðru samningsríkinu, sem fær arð, vexti, þóknanir eða söluhagnað af eignum, er eiga uppruna sinn í hinu samningsríkinu, skal ekki eiga rétt til ávinnings skv. 10. gr. (Arður), 11. gr. (Vextir), 12. gr. (Þóknanir og gjöld fyrir tækniþjónustu) eða 13. gr. (Söluhagnaður af eignum) ef:

- a) skattur, lagður á slíkt félag af fyrirnefnda samningsríkinu, að því er varðar slíkan arð, vexti, þóknanir eða söluhagnað af eignum, er vegna sérstakra ráðstafana verulega lægri en sá skattur sem almennt er lagður á hagnað félaga af þessu aðildarríki; og
- b) 25 hundraðshlutar eða meira af fjármagni slíks félags er samkvæmt skráningu eða er á annan hátt ákvarðað að sé, eftir að bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa ráðgast sín á milli, beint eða óbeint eign eins eða fleiri aðila sem ekki eru einstaklingar heimilisfastir í fyrirnefnda samningsríkinu.

IV. Við 2. mgr. 25. gr.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. þessa samnings skal ekki skýra þannig að þau komi í veg fyrir að samningsríki skattleggi hagnað fastrar atvinnustöðvar, sem félag í hinu samningsríkinu rekur í fyrirnefnda ríkinu, samkvæmt skattstiga sem er hærri en það sem er lagt á hagnað svipaðs félags í fyrirnefnda samningsríkinu, eða þannig að þau stríði gegn ákvæðum 3. mgr. 7. gr.

Einnig er kveðið á um að í engu tilviki verði mismunurinn á stígunum tveimur, sem um getur hér að framan, meiri en 10 hundraðshlutar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í tvíriti í Nýju Delí hinn 23. nóvember 2007 á íslensku, hindi og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Indlands:

Árni M. Mathiesen

Shri P. Chidambaram